

91 frakkneskum bæjum við Miðjarðarhafið, þá auglýsist hjermeð, samkvæmt 2. gr. laga frá 18. júlí. 17. desember 1875, um móttarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, að reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum, ber fyrst um sinn að beita, að því er snertir skip, sem koma hingað til landsins frá frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. júlí 1884.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

92

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 3.—4. júní 1884.

Árið 1884, 3. dag júnímánaðar átti amtsráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu í Reykjavík. Á fundinum voru: hinn setti amtsmaður í suðuramtinu og sem kosnir amtsfulltrúar, amtsráðsmaður dr. Grímur Thomsen og varaamtsráðsmaður, kaupm. Guðm. Thorgrímson, sem oddviti hafði boðað á fundinn, með því að kjörtími Skúla prófasts Gíslasonar var á enda, og kosningar til amtsráðsins að nýju ekki um garð gengnar.

Þessi málefni komu til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1883, og fannst ekkert athugavert við hann annað en það, að amtsráðið álítur, að hjeraðslæknum ekki beri borgun fyrir ferðakostnað, þegar þeir sjálfir fara ferðir til að bólusetja og fá borgun fyrir bólusetninguna. En í þetta sinn vill amtsráðið láta standa við það, sem gjört hefir verið.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu 1883; var hann yfirfarinn, og fannst ekkert athugavert við hann.
3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1883; var hann einnig yfirfarinn, og fannst heldur ekkert athugavert við hann.
4. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. Reikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1882. Amtsráðið fól forseta að brýna fyrir sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir mæli vegalaganna um vegagjörð á sýsluvegum bæði um stjórn á vegabóttagjaldi sýslunnar og um framkvæmd vegabótanna og umsjón með, að þær sjeu vel af hendi leystar. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við reikning þennan.
 - b. Reikning Rangárvallasýslu fyrir árið 1883. Amtsráðið athugaði, að greiddur hefði verið úr sýslusjóði kostnaður við undirbúning á endurskoðun jarðabókarinnar frá 1861, en með því að jarðamat og endurskoðun hinnar gildandi jarðabókar ekki er sveitarmálefni heldur landsmálefni, þá áleit amtsráðið, að kostnaður þessi ætti ekki að lenda á sýslusjóði. Annað var ekki athugavert við reikninginn.
 - c. Reikning Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1883, og
 - d. Reikning Austur-Skaptafellssýslu fyrir sama ár.

Við þessa reikninga var ekkert að athuga.

- e. Reikning Árnessýslu fyrir árið 1878, sem amtsráðið hafði sent aptur til yfirskoðunar í sýslunefndinni; hafði hann nú verið endurskoðaður af 2 sýslunefndar-

mönnum, sem til þess höfðu verið kosnir, og höfðu þeir gjört nokkrar athugasemdir, sem amtsráðið, eptir svörum sýslumanns, áleit að mættu falla niður.

f. Reikning Árnessýslu fyrir árið 1883:

α. Við 1. tekjulið. Yfirskoðunarmenn í hjerði höfðu haldið því fram, að eptirstöðvar sýsluvegasjóðsins ættu að færast upp um 512 kr. 10 a., þ. e. 12 kr. 10 a. vantandi vegagjald úr Stokkseyrarhreppi frá árinu 1882, og 500 kr., sem sýslunni höfðu verið veittar úr landssjóði til vegabóta árið 1882 (Stj.tíð. 1882 B. bls. 155.), en sem sýslumaður hafði ekki gengið eptir að fá greiddar í tækan tíma, og sem því höfðu tapast fyrir sýsluna. Amtsráðið úrskurðaði, að eptir svari sýslumanns ættu 12 kr. 10 a. að teljast með eptirstöðvum, en að því snertir áður nefndar 500 kr., áleit amtsráðið, að með því að kostnaður við vegabætur á aðalþóstveginum um sýsluna árið 1882 aðeins hafði numið 365 kr. alls, og sýslusjóður því ekki hefði getað fengið meiri styrk til þessara vegabóta eptir ákvæðum fjárlaganna en 182 kr. 50 a., þá yrði sýslumanni ekki gjörð ábyrgð á hærri upphæð í þessu efni en 182 kr. 50 a., og úrskurðaði amtsráðið, að þessi tekjuliður ætti einnig að færast upp um þessar 182 kr. 50 a. eða samtals um 194 kr. 60 a.

β. 14. gjaldliður. Amtsráðið úrskurðaði, að 160 kr. kostnaður af máli milli sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar og formanns hans í embættinu um skil hins síðarnefnda á ýmsum peningaupphæðum, sem hann átti að skila eptirmanni sínum með embættinu, ætti að falla burtu sem sýslusjóði óviðkomandi, með því að fje það, sem hinn fyrverandi sýslumaður átti að standa skil á, alls ekki snerti sjerstaklega sýslusjóð.

γ. Gjaldliður 17, d. færast niður um 7 kr. 50 a., með því að vegabótareikningur úr Villingaholtshreppi fyrir árið 1882 ekki ber með sjer, að neitt hafi verið óborgað af vegabótum þar í hreppi.

δ. Gjaldliður 5. Kostnaður við jarðamat á að ætlun amtsráðsins ekki að greiðast úr sýslusjóði.

Hinar aðrar athugasemdir yfirskoðunarmanna áleit amtsráðið ekki á nægum rökum byggðar.

g. Reikning Vestmannaeyjasýslu fyrir árið 1883.

Við hann fannst ekkert athugavert.

5. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, þar sem hann skorar á amtsráðið að koma fram með tillögur sínar um, hvernig verja skuli styrk þeim úr landssjóði, sem landshöfðinginn hefur beinlínis til umráða til eflingar búnaði.

Amtsráðið gjörði ráð fyrir, að upphæð sú, sem það á að gjöra uppástungur um, sje einsog undanfarin ár 3533 kr. 33 a., og urðu tillögur amtsráðsins þessar:

a, að búnaðarfjelagi suðuramtins væru veittar 1200 kr.

b, að búnaðarfjelagi Örneinga væru veittar 200 kr.

c, að til flóðgardahleðslu við Safarmýri verði veittar 2133 kr. 33 a., þar í talin laun og allur annar kostnaður til búfræðings þess, sem á að standa fyrir flóðgardahleðslunni og jafnframt að veita mönnum tilsögn við jarðabætur, ef hann hefur tíma afgang frá vinnunni við Safarmýri. Amtsráðið vildi sjerstaklega taka það fram, að það hefur ekki stungið upp á hærri fjárveitingu en 1200 kr. til búnaðarfjeldags suð-

92

- uramtsins, af því að það ekki ætlast til, að fjelagið veiti sjerstaklega styrk til Safar-
mýrar frekar en hjer er stungið uppá.
6. Landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til álita kæru frá Páli hjeraðslækni Blöndal
yfir úrskurði þess á sýslusjóðsreikning Borgarfjarðarsýslu árið 1882 viðvíkjandi end-
urgjaldi til hans fyrir ferðakostnað á Þingvallafund 1876. Amtsráðið íhugaði skjöl
þau, sem fylgdu nefndri kæru, og fól forseta sínum að svara landshöfðingja, að það
gæti eigi breytt skoðun sinni á máli þessu, og að leiða ítarleg rök að henni.
 7. Landshöfðinginn hafði skorað á amtsráðið, að greiða 298 kr. 26 a.. er borgaðar
höfðu verið fyrirfram úr landssjóði fyrir veru stúlkunnar Guðrúnar Jóhönnu Jóns-
dóttur á dauðumbraskólanum í Kaupmannahöfn, og með því að amtsráðinu er
kunnugt, að faðir nefndrar stúlku er öreigi, ákvað það að gjalda upphæð þessa úr
jafnaðarsjóði.
 8. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, þarsem beiðzt er álits amtsráðsins um
beiðni Sæmundar bónda Sæmundssonar á Elliðavatni og Sveins bónda Jónssonar á
Gufunesi um styrk til síldveiða í Grafarvogi. Amtsráðið fann ekki ástæðu til að
mæla með þessari styrkbeiðni.
 9. Landshöfðinginn hafði beiðzt álits amtsráðsins um, hvort nægilegt sje, eins og á-
kveðið hefir verið til bráðabirgða, að landlæknir sje að eins skyldur að taka á móti
yfirsetukvennaefnum til kennslu einu sinni á ári, eða hvort það álíti nauðsynlegt,
að kennslan færi fram optar á ári, og í báðum tilfellum, hvaða tími muni vera
haganlegastur. Amtsráðið áleit nauðsynlegt, að kennsla í yfirsetufræði hjá land-
lækni fari fram tvisvar á ári, og að hentugastur tími væri 1. apríl og 15. ágúst
ár hvert.

(Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um að verja 800 kr. (sbr. auglýs.
landshöfðingja 1. marz þ. á. Stjtið. B 30) sumpart til launa ferðabúfræðings og sumpart til að styrkja
menn til þeirra fyrirtækja, sem framkvæma á með umsjón og ráði búfræðingsins.

10. gr. C. 5, b.

Gullbringu- og Kjósarsýslu veittur 350 kr. styrkur fyrir yfirstandandi ár til að bæta sýsluvegi
á aðalpótleiðum (gjöra við Háaleytiðsbrú og ryðja Háaleytskilif á veginum frá Reykjavík inn að Bústöð-
um; bæta veginn frá Leirvogsá inn að Kollafjarðarklifi; fullgjöra eldri brýr, svo og gjöra nýjar brýr á
þjóðveginum fyrir framan Reynivallaháls og Eyrarfjall).

Veittar 700 kr. til að halda áfram og ef auðið er ljúka við hraunveginna á aðalpótleiðinni eptir
Norðurárdal, og ennfreður 800 kr. til að endurbæta veginn yfir Geldingadraga milli Svinadals og Skora-
dals í Borgarfirði.

Veittar 135 kr. í viðbót við áður veittan 300 kr. styrk (sbr. Stjtið. þ. á. B. bls. 48) til endur-
bóta á sýsluveginum milli Grænumýrartungu og Mela í Hrátafirði.